

---

# Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins Snefilefnastofa

## Til þeirra sem málið varðar Kvikasilfur í íslensku hrefnukjöti

Mældur hefur verið heildarstyrkur kvikasilfurs í sex kjötsýnum af hrefnu (*Balaenoptera acutorostrata*). Sýnin voru tekin á miðri hlið dýranna og eru þau hluti af sýnatökum í yfirstandandi rannsóknum Íslendinga á hrefnu. Starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar sáu um sýnatökuna. Öll dýrin voru tarfar og spannar lengd dýranna allar stærðir tarfanna eða frá þeim minnsta til þess stærsta en meðallengd tarfanna var rúmlega 7m. Þess má geta að um 64% hrefnanna, sem veiddar voru haustið 2003, voru tarfar. Tarfar eru líklegri til að hafa hærri styrk heildarkvikasilfurs en kýr og því hærri sem dýrin verða eldri/stærri.

Niðurstöður urðu eftirfarandi (með einu staðalfráviki úr mælingu þrísýnis):

Merking sýnis	Veiddidagur	Lengd, m	Heildarkvikasilfur, µg/kg
A-03-04	26.8.2003	5,08	56±2
B-03-07	22.9.2003	6,03	75±3
B-03-04	30.8.2003	6,92	60±2
A-03-03	25.8.2003	7,54	70±3
A-03-07	30.8.2003	7,77	168±3
B-03-03	27.8.2003	8,45	115±7

Á sama tíma fóru fram mælingar á kvikasilfri í tveimur kjötsýnum af hrefnu sem starfsmenn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur höfðu safnað í verslunum á Reykjavíkursvæðinu. Eftirfarandi niðurstöður eru birtar með góðfúslegu leyfi Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur en einnig í þessu tilviki voru sýnin tarfar. Niðurstöður urðu eftirfarandi (með einu staðalfráviki úr mælingu þrísýnis):

Merking sýnis	Veiddidagur	Lengd, m	Heildarkvikasilfur, µg/kg
A-03-13, sýni tekið 06.10.03	30.09.2003	5,67	78±2
B-03-11, sýni tekið 02.10.03	28.09.2003	7,71	93±3

Við allar þessar mælingar var viðhaft strangt gæðaeftirlit. Samtals er því um að ræða 8 sýni af 36 hrefnum, sem veiddar voru 2003, eða rúmlega fimmtung veiddra dýra og því ástæða til að ætla að sýnatakan lýsi þokkalega því íslenska hrefnukjöti sem hefur verið á markaði.

Samkvæmt reglugerðum nr. 661/2003 og 662/2003 sem fjalla um aðskotaefni í matvælum er um tvö hámarksgildi fyrir kvikasilfur að ræða, annars vegar lægra hámarksgildi fyrir sjávarfang, sem oft er neytt og er það 500µg/kg, og hins vegar hærra hámarksgildi fyrir sjávarfang sem sjaldan er neytt og er það 1000µg/kg. Af ofangreindum niðurstöðum er því ljóst að styrkurinn í þessum hrefnukjötssýnum er á milli 10 og 35% af lægra hámarksgildinu og því vel undir gildandi mörkum fyrir sjávarfang.

Þess má geta að niðurstöður Norðmanna fyrir heildarkvikasilfur í kjöti hrefnu sem veidd var 2002 í Barentshafi, Svalbarða, Jan Mayen og Norðursjó voru á bilinu 40 til 680µg/kg. Í þessari rannsókn mældu Norðmenn 125 sýni af 542 dýrum, 61 sýni af einstökum dýrum en 64 safnsýni af fleiri dýrum (Lars Kleivane og Jens Børsum 2003. Undersøkelse av kvikksølvnivåer i muskel fra vågehval 2002. Veterinærinstituttet, Februar 2003). **Meðaltal mælinga Norðmanna var 230µg/kg, hærra en hæsta mælda gildið í íslenska hrefnukjötinu og meir en tvöfalt hærra en meðaltal í ofangreindum átta sýnum af íslensku hrefnunni, sem er um 90µg/kg.**

Í nýlegum ráðleggingum til barnshafandi kvenna og kvenna með börn á brjósti og gefnar voru út af Embætti yfirdýralæknis, Landlæknisembættinu, Lýðheilsustöð/Manneldisráði, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Umhverfisstofnun, var tekið mið af þessum norsku niðurstöðum en það jafnframt tekið fram að von væri á niðurstöðum rannsókna á íslenska hrefnukjötinu. **Ofangreindar niðurstöður fyrir íslensku hrefnuna gefa sterklega til kynna að fyrir hinn almenna neytanda sé ekki ástæða til að takmarka við sig neyslu á hrefnukjöti, sem hefur verið á markaði. Fóstari í móðurkviði og nýburum er hins vegar meiri hættu búin af völdum kvikasilfurs og með ráðleggingunum er viðkvæmt lífsstig látið njóta vafans.**

Þá má benda á að norskt hrefnukjöt er á boðstólum í íslenskum verslunum og **standa því ráðleggingar til barnshafandi kvenna og kvenna með börn á brjósti um að takmarka neyslu hrefnukjöts við tvær máltíðir á viku eða sjaldnar.**

Samkvæmt áætlun mun rannsóknum á m.a. kvikasilfri og öðrum aðskotaefnum í hrefnu veiddri í íslenskri lögsögu fram haldið á árinu 2004.

Virðingarfyllst

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins  
Guðjón Atli Auðunsson, efnafræðingur